



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Áætlun um að skipta út dekkjakurli á leik- og íþróttavöllum

Áætlun þessi miðast að því að kurluðu dekkjagúmmí verði skipt út fyrir hættuminni efni á þeim leik- og íþróttavöllum þar sem það er að finna. Í þeim tilgangi náist eftirfarandi markmið:

1. Fyrir árslok 2019 verði búið að skipta kurluðu dekkjagúmmí út fyrir hættuminni efni á 60% allra leik- og íþróttavalla þar sem laust kurl kemst í beina snertingu við iðkendur.
2. Fyrir árslok 2022 verði búið að skipta kurluðu dekkjagúmmí út fyrir hættuminni efni á 80% allra leik- og íþróttavalla þar sem laust kurl kemst í beina snertingu við iðkendur.
3. Fyrir árslok 2026 verði búið að skipta kurluðu dekkjagúmmí út fyrir hættuminni efni á öllum leik- og íþróttavöllum þar sem laust kurl kemst í beina snertingu við iðkendur.

Umhverfisstofnun mun í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga kalla eftir gögnum í lok hvers tímabils til að meta innleiðingu og árangur áætlunarinnar og upplýsa umhverfis- og auðlindaráðuneytið um stöðu mála.